

Skipulagsstofnun
Ómar Ingbórsson
Borgartún 7b
105 Reykjavík

1. mars 2018
UST201801-308/R.K.
08.12.00

Efni: Tillaga að matsáætlun - Laxeldi – AkvaFuture, Eyjafjörður. Umsögn

Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar er barst dags. 26. janúar sl. þar sem óskað er eftir umsögn Umhverfisstofnunar um tillögu að matsáætlun AkvaFuture ehf. til sjókvíaeldis í Eyjafirði skv. 8. gr. laga nr. 106/2000 og 17. gr. reglugerðar nr. 660/2015 um mat á umhverfisáhrifum. AkvaFuture ehf. verður hér eftir nefnt rekstraraðili.

Helstu umhverfisáhrif eru botndýralíf, uppsöfnun lífrænna efna m.t.t. burðarþols fjarðar gagnvart mengun með neikvæðum áhrifum á lífríki fjarðarins, auk sjónrænna áhrifa eldis á Eyjafjörð.

Framkvæmdarlýsing

Ráðgert er af rekstraraðila að framleiða allt að 20.000 tonn af laxi í lokuðum sjókvíum í innanverðum Eyjafirði þar sem hámarkslífmassi á hverjum tíma fer aldrei yfir 18.500 tonn. Mun framleiðslan byggjast upp í þremur áföngum, þar sem fyrst er stefnt á 6.000 tonna ársframleiðslu árið 2021, þar næst 12.000 tonna ársframleiðslu 2024 og svo loks 20.000 tonna framleiðslu árið 2027 (bls. 7). Fóðrun laxa er áætluð, skv. greinagerð, um 22.200 tonn fyrir hvern áfanga (hverja kynslóð). Fyrirhugað er að rannsaka alls sex eldissvæði fyrir framleiðsluna skv. greinagerð tillögu að matsáætlun (bls. 8). Eldissvæðin eru áætluð að taka til alls 430 ha svæðis.

Umhverfisstofnun telur að í frummatsskýrslu þurfi eftirfarandi upplýsingar að liggja fyrir:

- **Burðarþol Eyjafjarðar**
Ítarleg umfjöllun um þol Eyjafjarðar til að taka við auknu lífrænu álagi frá sjókvíaeldi m.t.t. burðarþolsmats Hafrannsóknarstofnunar sem og hvíld eldissvæða.

Burðarþolsmat fyrir Eyjafjörð liggur ekki fyrir en unnið er að mælingum og búast má við matinu á næsta ári skv. upplýsingum frá Hafrannsóknarstofnun. Umhverfisstofnun bendir

á að mat á umhverfisáhrifum er grunn gagn við vinnslu starfsleyfis og forsenda fyrir faglegru vinnslu þess og telur að slíkt mat þurfi að liggja fyrir í frummatsskýrslu framkvæmdar. Fram þurfa að koma skýrar upplýsingar um lífrænt álag vegna eldisins og hverju það muni bæta við þá mengun sem nú þegar er losuð í viðtakann (samlegðaráhrif). Hér er m.a. hægt að byggja á niðurstöðum þeirrar vöktunar þess iðnaðar sem sem nú þegar eru með rekstur á svæðinu sem og fráveitu í Eyjafirði líkt og er stuttlega rætt á bls 20. í greinagerð.

Í greinagerð segir: „[...] Mikilvægt [er] að velja staðsetningar eldiskvía þar sem hafstraumar dreifa vel uppleystum næringarefnum þannig að staðbundin áhrif á sjógæði og botndýralíf verði óveruleg“ (bls. 22). Umhverfisstofnun minnir á að nýjar strammælingar fjarðarins, á vegum Hafrannsóknarstofnunar, þurfa að liggja fyrir í burðarþolsmati við leyfisveitingu. Eyjafjörður er djúpur og langur fjörður líkt og fram kemur á bls. 17 í greinagerð, og telur Umhverfisstofnun eðlilegt sé að í frummatsskýrslu komi fram upplýsingar um magn og dreifingu alls lífræns botnfalls sem fellur frá eldi, sem og greinagóð umfjöllun um möguleg áhrif þess á botndýralíf og lífríki fjarðarins. Ágætlega er fjallað um lífræn næringarefni sem berast í sjó í kafla 2.1.6. í greinagerð, en að mati stofnunarinnar þarf að samræma þær upplýsingar við forsendur nýttar í burðarþolsmati Eyjafjarðar í frummatsskýrslu.

Samkvæmt greinagerð stefnir rekstraraðili nú á kynslóðaskipt eldi og hvíld svæða. Þá telur stofnunin einnig mikilvægt að í frummatsskýrslu sé ítarlega fjallað um hvíld svæða og ársframleiðslu m.t.t. útsetningu seiða og stærð þeirra, tími slátrunar og hvíld svæða, sem og hámarkslífmassa á hverjum tíma. Þá bendir Umhverfisstofnun á að mikilvægt er að í frummatsskýrslu komi fram nákvæmar tölur um dýpt á eldissvæðum, þ.e. undir og í kringum hver sjókvíaldissvæði.

- **Samlegðaráhrif**

Gera þarf ítarlega grein fyrir samlegðaráhrifum með annarri starfsemi í firðinum þar sem áætlað er að fara í umfangsmikið eldi. Gera þarf grein fyrir skörun við núverandi og fyrirhugaða starfsemi en einnig þeim áhrif sem eldið hefur með annarri nýtingu í firðinum. Þ.e. samlegðaráhrif framkvæmdar við núverandi álag Eyjafjarðar sem viðtaki frárennslis frá landbúnaði, iðnaði og sveitarfélögum svæðisins. Umhverfisstofnun minnir á ákvæði um fjarlægðarmörk eldis við sjókvíaldisstöðvar ótengdra aðila, sbr. 4. gr. reglugerðar nr. 1170/2015 um fiskeldi, og mikilvægi skýrrar umfjöllunar um slík mörk í frummatsskýrslu framkvæmdar.

Fram kemur í greinagerð að engin fyrirtæki hafa gild rekstrarleyfi fyrir sjókvíaldi í Eyjafirði en þrjú hafa gild starfsleyfi (bls. 8, 19 og 37), þ.e. Íslandslax hf., Íslandsbleikja ehf. og Krossanes ehf., en öll starfsemi þessara þriggja félaga er óvirk. Stofnunin bendir þó á að meðan slík leyfi eru í gildi er heimilt að nýta viðtakann, til losunar lífrænna efna, þótt starfsemin hafi ekki allar viðeigandi heimildir til reksturs. Umhverfisstofnun telur að nánari umfjöllun sé þörf í frummatsskýrslu um samlegðaráhrif fiskeldis við fyrirtæki sem áforma uppbyggingu sjókvíeldis í Eyjafirði, líkt og Norðanlax ehf. og Arnarlax ehf. Þá er mikilvægt að sú umfjöllun taki mið af áformum allra fyrirtækja í firðinum m.t.t. hvort um ræði samfellt eldi eða hvíld eldissvæða líkt og kemur stuttlega fram á bls. 20 í

greinagerð. Mikilvægt er að mati Umhverfisstofnunar að fram komi hvar fyrirbyggjandi áform eru í matsferli og þau umhverfisáhrif elda með þeim fyrirætlunum sem hér eru til umfjöllunar.

- **Villtir laxastofnar**

Í frummatsskýrslu þarf að koma fram nánari umfjöllun um virkni lokaðra eldiskvía til að lágmarka slyasleppingar eldislaxa og erfðablöndun þeirra við villta laxa.

Þrátt fyrir að málefni er varða erfðablöndun og sjúkdómssmit heyrir undir rekstrarleyfi Matvælastofnunar bendir Umhverfisstofnun á að þau málefni eru umdeild sem sýnir sig í fjölmörgum athugasemdum við starfsleyfi og kærum. Umhverfisstofnun telur eðlilegt að þessi umfjöllun byggist m.a. á þeirri reynslu og þekkingar sem aflað hefur verið til þessa.

Fram kemur í greinagerð að rekstraraðili hyggst nýta lokaðar eldiskvíar sem gert er ráð fyrir að lágmarki líkur á slyasleppingum og komi alfarið í veg fyrir að laxalús skaði eldislaxinn (bls. 6). Þá er vitað að slyasleppingar eldislaxa geta haft neikvæð áhrif á erfðabreytileika villtra laxastofna vegna erfðablöndunar. Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að ítarleg umfjöllun um virkni lokaðra eldiskvía, hvað varðar slyasleppingar og smitsjúkdóma, komi fram í frummatsskýrslu framkvæmdar. Stofnunin telur að koma þurfi fram ítarleg umfjöllun um mótvægisáðgerðir til hindrunar slyasleppinga í frummatsskýrslu framkvæmdar.

- **Vöktun**

Mikilvægt er að vöktunaráætlun eldisins liggi fyrir eins snemma í ferlinu og kostur er og skv. 3-h. lið 20. gr. reglugerðar nr. 660/2015 um mat á umhverfisáhrifum á tillaga að vöktunaráætlun að fylgja frummatsskýrslu.

Minnst er á í umfjöllun um vöktun í kafla 2.4 í greinagerð að notast verður við vöktunaráætlun samkvæmt ISO 12878 staðlinum sem er jákætt enda skilyrði í starfsleyfum Umhverfisstofnar.

Umhverfisstofnun telur jákvætt að gerð verði grein fyrir hugsanlegri dreifingu smitsjúkdóma frá eldisvæðum í frummatsskýrslu og að sú greining verði byggð á niðurstöðum straummælinga í Eyjafirði.

- **Meðferð úrgangs**

Umhverfisstofnun telur að upplýsingar um samninga við viðeigandi aðila, fyrir meðhöndlun úrgangs eldis, þurfi að liggja fyrir í frummatsskýrslu framkvæmdar. Fram kemur í greinagerð að móttaka flokkaðs sorps verði á vegum félagsins Flokkur Eyjafjörður ehf. og að leitað verður samninga hjá Moltu ehf. við móttöku á lífrænum úrgangi (bls. 12). Áform um að allt ferskt hráefni sem falli við vinnslu eldis verði nýtt sem hráefni til endurnýtingar eru jákvæðar að mati stofnunarinnar og má lýsa þeim áformum betur í frummatsskýrslu.

- **Friðlýst svæði**

Í frummatsskýrslu þarf að vera umfjöllun um áhrif framkvæmda á friðlýst svæði og svæði vernduð samkvæmt lögum. Þessi áhrif eru bæði af upplifun fólks af svæðunum vegna sjorænna áhrifa eldis í firðinum sem og áhrif á verndargildi svæðanna sbr. náttúruverndarlögum.

Umhverfisstofnun bendir á að Hverastrytur (friðlýst sem náttúruvætti), Arnarnesstrytur og Krossanesborgir (fólkvangur) sem eru nálægar framkvæmdarsvæði. Eyjafjarðará ásamt fjörum og flæðimýrum, beggja vegna árinna suður á móts við suðurodda Staðareyjar, eru einnig á náttúruminjaskrá sökum mikils fuglalífs og sérstæðs gróðurfars. Umhverfisstofnun bendir á skv. 54. grein náttúruverndarlaga um starfsemi og framkvæmdir utan friðlýstra svæða, skal taka mið af þeim áhrifum sem slíkar framkvæmdir hafa á verndargildi slíkra svæða, við leyfisveitingu.

- **Ásýnd og landslag svæðis**

Koma þarf skýrt fram í frummatsskýrslu hver sjónræn áhrif framkvæmda verða fyrir ásýnd fjarðarins með sýnileikagreiningu.

- **Annað**

Í greinagerð að tillögu að matsáætlun kemur fram á bls. 20: „Ráðgert er að hvert eldissvæði verði tengt við landrafmagn gegnum sæstreng.“ Umhverfisstofnun telur að fjalla ætti nánar um lagninug þessara sæstrengja fyrir hvert eldissvæði og áhrif sem þær framkvæmdir kunna að hafa.


Nánari umfjöllun er þörf í frummatsskýrslu á nýtingu brunnskipa til flutninga laxaseiða, stálpaðra laxa og slátrunar líkt og komið er inn á á bls. 11-12. Þá þarf að vera skýrt hvort áformað er að slátra fiski um borð sérútbúinna skipa eða hvort flytja eigi fiskinn í land til slátrunar. Að lokum þarf að koma fram hvaða efni áformarð er að nota við sóttthreinsun á búnaði eldis (bls. 14) á hvíldartíma eldissvæða.

Niðurstaða


Umhverfisstofnun telur uppsetningu greinagerðar vera vel skipulagða og göng sett fram á nokkuð skýran hátt sem er jákvætt. Áform rekstraraðila um 20.000 tonna laxeldi í Eyjafirði er umfangsmikil framkvæmd að mati Umhverfisstofnunar og er því mikilvægt að mat á umhverfisáhrifum og frummatsskýrsla hennar sé unnin af kostgæfni. Þá telur stofnunin að notkun lokaðra eldiskvía sé möguleg lausn hvað varðar áskoranir sem fiskeldi á Íslandi stendur frammi fyrir þegar kemur að umhverfisáhrifum eldisins, líkt og uppsöfnun lífræns úrgangs og slysasleppingar fiska svo eitthvað sé nefnt.

Beðist er velvirðingar á því hve dregist hefur að svara þessu erindi.

Virðingarfyllst



Rakel Kristjánsdóttir
Sérfræðingur



Steinar Rafn B. Baldursson
Sérfræðingur